

Sálgæsla presta og djákna



ÚTGEFANDI & ÁBYRGÐ:
LANDSPÍTALI
SÁLGÆSLA PRESTA OG DJÁKNA
FEBRÚAR 2011

HÖFUNDUR OG UMSJÓN:
SIGFINNUR ÞORLEIFSSON

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC



Sjúkrahúsprestar og djákni á Landspítala eru vígðir þjónar kirkjunnar með framhaldsmenntun í sálgæslu. Þau sinna m.a. sálgæslu og helgihaldi og starfa í samvinnu við aðra heilbrigðisstarfsmenn að velferð sjúklinga og aðstandenda þeirra. **Sálgæsla presta og djákna vinnur bæði með einstaklingum og fjölskyldum.**

Markmið sálgæslunnar er að liðsinna þeim, sem glíma við sárar tilfinningar og erfiðar tilvistarspurningar tengdar veikindum og alvarlegum áföllum. **Þessi þjónusta stendur öllum opin, jafnt sjúklingum sem aðstandendum og starfsfólki spítalans, án tillitis til lífsskoðana eða trúarafstöðu.**

Sálgæsla getur reynst þér hjálpleg, þegar þú

- þarfnast traustrar nærveru, uppörvunar og stuðnings
- ert kvíðin(n), óörugg(ur), döpur/dapur, reið(ur) eða sorgmædd(ur)
- þarfnast einhvers sem hlustar á þig og leitast við að skilja þig
- þarfnast leiðsagnar í samskiptum við starfsfólk/fjölskyldumeðlimi.
- vilt tala um trú þína, efasemdir og spurningar og dýpka þín eigin svör og skilning
- leitar tilgangs
- ert að missa stjórnina
- vilt fyrirbæn og hjálp til trúariðkunar
- þarfnast eftirfylgdar

Áðurnefnd þjónusta er veitt hvenær sem þörf krefur. Beiðnum má koma á framfæri við sjúkrahúsprest, djákna, hjúkrunarfræðing eða lækni.

Sjúkrahúsprestar og djákni sinna einnig fræðslu, handleiðslu og hópastarfi. Þau annast reglubundið helgihald og fer það fram bæði á helgum og rúmhelgum dögum. Nánari upplýsingar eru veittar á deildinni þar sem sjúklingur dvelur.